

Nd.

128. Tillaga

til þingsályktunar um reglugerð fyrir sparisjóði.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson, Einar Árnason og Pjetur Ottesen.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að veita þeim sparisjóðum, er þess óska, undanþágu frá bókfærslu þeirri, sem fyrirskipað er með reglugerð fyrir sparisjóði, þegar þeir hafa sýnt, að bókfærsla þeirra er nægilega trygg.

Greinargerð.

Þegar reglugerð sú fyrir sparisjóði, er stjórnarráðið gaf út 5. maí síðastliðið ár, barst út um land meðal þeirra manna, er hafa á hendi forstöðu og rekstur sparisjóða, mun þeim allflestum strax hafa orðið það ljóst, að hún fyrirskipaði umfangsmeiri og margbrotnari bókfærslu en þeir höfðu búist við eða áttu áður að venjast. Þetta kom því fremur á óvart sem það atriði í rekstri sjóðanna hafði reynst víðast hvar bæði glögt og auðvelt, enda það ekki valdið hinu allra minsta fjártapi. Með reglugerðinni er ákveðið, að við sparisjóðina sju færðar 11 bækur, og með því fyrirskipað að bókfæra sömu upphæðina 4—6 sinnum. Veldur þetta bæði mjög miklum og alls óþörfum tölum og erfiði fyrir gjaldkera og sjáanlega að sama skapi auknum kostnaði fyrir sjálfar stofnanirnar. Reglugerðin er því þyrnir í augum mjög margra forstöðumanna sjóðanna úti um land, enda þegar komnar fram óskir um undanþágu frá þessari margbrotnu og þunglamalegu bókfærslu, og þá frekast kjósa að mega haga henni líkt og verið hefir.